

lõnaðarráðuneyti  
b.t. Erlu Sigríðar Gestsdóttur  
Lindargötu Arnarhvoli  
150 Reykjavík

Mosfellsbæ, 16.05.2012  
nr. erindis 201203469 jbh

### **Efni: Lagning raflína í jörð – umsögn Mosfellsbæjar**

Skipulagsnefnd Mosfellsbæjar hefur á undanförunum árum fengið þó nokkrar beiðnir frá Landsneti og öðrum veitufyrirtækjum um nýjar línur, sameiningu lína og aðrar útgáfur af breytingum, samanber fjölmörg mál í málaskrá sveitarfélagsins. Í allflestum tilvikum hefur samvinna og samráð um lagningu umræddra lína við viðkomandi veitufyrirtæki verið með ágætum. Stefna skipulagsnefndar hefur verið sú að línur skuli hiklaust leggja í jörðu í nágrenni þéttbýlis eða þétts dreifbýlis, svo sem í Mosfellsdal. Ekki hefur verið tekin afstaða til þess að leggja skuli línur í jörð á frístundasvæðum né heldur útivistarsvæðum eða skógræktarsvæðum. Þó hefur það verið óskrifuð krafa að loftlínur séu ekki í a.m.k. 2 km fjarlægð frá skipulagðri íbúabyggð og öðrum mannvirkjum. Í nýju aðalskipulagi er haldið í sömu stefnu í þessum málum og verið hefur, það er að ekki er gerð krafa um lagningu raflína í jörð þar sem um er að ræða opin óbyggð svæði. Skoðað verði hins vegar frekar hvort ástæða sé til þess að gera aðrar ráðstafanir á skógræktarsvæðum, útivistarsvæðum og við frístundabyggð.

Þess má geta að innan Mosfellsbæjar eru loftlínur enn hluti dreifikerfis OR innan skilgreinds þéttbýlis sem æskilegt væri að fjarlægja við fyrsta tækifæri. Er þar um að ræða línur í Hamrahlíð ofan Vesturlandsvegur meðfram Skarhólabraut og að Reykjavegi. Þessa línur þarf að fjarlægja og leggja í jörðu svo þær hindri ekki þróun byggðar í Mosfellsbæ.

Virðingarfyllst,

---

Jóhanna Björg Hansen  
framkvæmdastjóri umhverfissviðs